

Stefna skólans

Hlutverk, áherslur, sérstaða, framtíðarsýn

Menntaskólinn að Laugarvatni er heimavistarskóli, staðsettur í fjölbreyttri náttúru á sögufrægum slóðum. Námið í ML veitir góðan undirbúning fyrir frekara nám og atvinnulífið. Félagslífið er öflugt og einstaklingurinn fær að njóta sín.

Í ML er skólasamfélag sem styður vel við alla grunnþætti menntunar; læsi, sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi. ML er heilsueflandi framhaldsskóli, flaggar grænfananum og rekur markvissa jafnréttisstefnu. Einkunnarorð ML eru; manngildi – þekking – atorka.

Manngildi

Í ML ríkir jákvæður skólabragur sem einkennist af sanngirni og virðingu fyrir einstaklingnum og umhverfinu. Lýðræðislegir starfshættir eru viðhafðir og samskipti eru á persónulegum nótum. Velliðan nemenda er lykilatriði í skóla sem jafnframt er heimili en nánast allir nemendur skólans búa á heimavistunum. Vistarlífið og bekkjakerfið skapa nánd og stuðla að alhliða þroska nemenda með því að efla siðferðisvitund, samkennd, ábyrgð, víðsýni og umburðarlyndi.

Þekking

Í ML er boðið upp á nám til stúdentsprófs sem byggir á traustum grunni. Nám og kennsla eru í stöðugri þróun til að mæta nýjum áskorunum 21. aldarinnar. Til að standa vörð um gæði kennslu er lögð áhersla á samvinnu kennara, fagmennsku þeirra og starfsþróun.

Námið eflir vísindaleg vinnubrögð, sjálfstæða þekkingarleit og gagnrýna hugsun. Nemendur rækta með sér læsi í víðum skilningi og þjálfast í samvinnu og miðlun upplýsinga.

Atorka

Íþróttastarf, heilsuefling og útivist er veigamikill þáttur í skólastarfinu. Ýtt er undir sköpun og frumkvæði. Lagt er kapp á að nýta umhverfið og nærsamfélagið eins og kostur er, með sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Unnið er að því að vera í virkum tengslum við atvinnulífið, með vettvangsferðum og samstarfsverkefnum.

Í ML eru allir mikilvægir og fjölmörg tækifæri skapast til að þroska sjálfstraust og félagslega hæfni. Dvölin í ML stuðlar að virkri þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.